

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-69/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 10. september 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notuðu hjólhýsi af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir hjólhýsið haldið galla og krefst riftunar á kaupunum ásamt endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Til vara krefst álitsbeiðandi afsláttar af kaupverði.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 24. september 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og henni veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi skilaði inn andsvörum þann 10. október 2018. Álitsbeiðandi sendi inn athugasemdir við andsvör seljanda og bárust þær nefndinni 7. nóvember 2018. Seljandi sendi nefndinni andsvör vegna athugasemdir álitsbeiðanda sem bárust þann 20. nóvember 2018. Álitsbeiðandi sendi inn frekari athugasemdir vegna seinni andsvara seljanda þann 26. nóvember 2018. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 26. júní 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á hjólhýsi af gerðinni Hobby 560, árgerð 2006, þann 7. júlí árið 2017. Álitsbeiðandi greiddi fyrir hjólhýsið með fellihýsi af gerðinni Palomino Yerling AKV, árgerð 2007, auk 1.000.000 króna greiðslu í peningum.

Í söluauglýsingu seljanda kom fram að hjólhýsið væri „nýskoðað og tilbúið í ferðalagið“. Þar komu einnig fram upplýsingar um að áður hafi lekið með þakglugga í hjólhýsinu en sá leki hefði verið lagfærður. Að sögn álitsbeiðanda var hjólhýsið hins vegar haldið verulegum annmörkum sem í ljós komu eftir kaupin. Leiki var enn til staðar og rafmagn var í ólagi, en það kom í ljós þegar hjólhýsið var fært til skoðunar hjá Víkurverk. Starfsmenn Víkurverks náðu þó ekki að finna endanleg upptök lekans og var álitsbeiðanda sagt að það gæti tekið tíma. Við skoðun kom einnig í ljós að nýr rafgeymir sem álitsbeiðandi hafði keypt hlóð ekki. Var því farið með hjólhýsið á rafmagnsverkstæði þar sem í ljós kom að allan rafbúnað vantaði í hjólhýsið. Hleðslubúnaður til að hlaða inn á rafgeymi hjólhýsisins var því ekki til staðar og virtist hafa verið fjarlægður en samt sem áður var hjólhýsið auglýst af seljanda sem tilbúið til notkunar. Þá lak inn um þakglugga þó seljandi hafi fullvissað álitsbeiðanda um að búíð væri að gera við lekann. Álitsbeiðandi kveðst hafa orðið vör við ýmsa aðra annmarka á hjólhýsinu. Gluggar voru víða brotnir ásamt broti í plasti, gluggi var kíttaður fastur, merki voru um vatnsleka inn í hýsið og inn í skápa, plaststuðari var að hluta brotinn og gluggi brotinn að utan.

Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við seljanda um leið og hún varð vör við annmarka á hjólhýsinu og krafðist þess að kaupunum yrði rift. Seljandi samþykkti ekki riftun kaupanna eða greiðslu viðgerðarkostnaðar en bauðst til að greiða 100.000 krónur upp í viðgerð á lekanum sem álitsbeiðandi þáði.

Að sögn álitsbeiðanda kom síðar í ljós að hjólhýsið hafi lent í umferðaróhappi þegar það var í eigu annars aðila, en sá aðili fékk hjólhýsið bætt að fullu frá Z. Í lögregluskýrslu vegna umferðaróhappsins kemur fram að hjólhýsið hafi losnað frá bifreið ökumannsins, „henst út af veginum og oltið niður bratta vegöxlina“. Hjólhýsið fór eina veltu niður 45° bratta brekku og endaði á hjólunum um 15 til 20 metrum neðan við vegöxlina. Þá segir í skýrslu lögreglu að hjólhýsið hafi verið dregið upp og virst „allnokkuð til mikið skemmt og var yfirbygging þess sprungin og allt á tjá og tundri er litið var inn í það. Ennfremur virtust skemmdir á því að utanverðu á nokkrum stöðum, brotinn gluggi, rifa í klæðningu og sprungur og einhver skekkja á yfirbyggingu þess“. Eftir óhappið var hjólhýsið selt af Z, á uppboði hjá P, til fyrirtækisins Æ, sem tók hjólhýsið í gegn, sprautaði það og reyndi að laga það. Viðgerðin hafi þó ekki gengið betur en svo að allt rafmagn var í ólagi, hleðslubúnað og rafgeymi vantaði auk þess sem margvísleg lekavandamál hafi verið til staðar frá upphafi. Fyrirtækið seldi hjólhýsið svo aftur á uppboði hjá Króki, en þar festi seljandi kaup á því rúmu ári áður en hjólhýsið var selt álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi ekki látið vita af neinu sem amaði að hjólhýsinu öðru en að aðeins hefði lekið með loftlúgu en búið væri að laga það. Eftir skoðun hjá Ö, fékk álitsbeiðandi þær upplýsingar að ekki svari kostnaði að gera við hjólhýsið. Telur álitsbeiðandi að hún hafi verið beitt svikum við kaupin þar sem seljandi lét ekki vita að hjólhýsið hafi lent í alvarlegu umferðaróhappi. Segir álitsbeiðandi að hún hefði ekki fest kaup á hjólhýsinu ef hún hefði vitað sannleikann.

Álitsbeiðandi krafðist þess í upphafi að seljandi greiði útlagðan viðgerðarkostnað og nauðsynlega viðgerð vegna leka í hjólhýsinu. Við meðferð málsins breytti álitsbeiðandi kröfu sinni og krefst þess nú að kaupunum verði rift og seljanda verði gert að greiða þegar útlagðan viðgerðarkostnað. Álitsbeiðandi greiddi 66.000 krónur fyrir skoðun Ö, og reikningur vegna rafmagnsviðgerða var samtals að fjárhæð 104.880 krónur. Rafgeymirinn var keyptur af álitsbeiðanda fyrir 35.000 krónur.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kveðst hún hafa fest kaup á umræddu hjólhýsi á uppboði hjá bilauppbod.is en þá hafi verið búið að breyta hjólhýsinu frá upprunalegu útliti, meðal annars með því að setja í það svart gler. Við kaupin kom hvergi fram að sögn seljanda að hjólhýsið hafi lent í umferðaróhappi og henni var því ókunnugt um að hjólhýsið hafi lent í veltu eða að tryggingarfélag hafi greitt það út. Seljandi bendir á að í auglýsingu vegna sölu hjólhýsisins, sem hún birti á Facebook þann 14. júní 2017, hafi sérstaklega verið tekið fram að leki hafi verið til staðar með toppnum en hann hefði verið lagfærður og lekans hafi ekki orðið vart eftir viðgerðina.

Seljandi bendir á að fyrir kaupin hafi eiginmaður álitsbeiðanda skoðað hjólhýsið í rúmlega klukkustund. Á þeim tíma var slagveðursrigning en þó engan leka að sjá samkvæmt seljanda. Seljandi kveðst hafa bent eiginmanni álitsbeiðanda á lekaummerki í hjólhýsinu, bæði í lofti þess og einnig inni í skápum. Þá hafi seljandi sagt að hún hafi ekki notað miðstöð hjólhýsisins heldur hafi hún aðeins notast við rafmagnssnúru á tjaldsvæðum og henni væri því ekki kunnugt um hvort miðstöðin væri í lagi. Aðilar gerðu í kjölfarið samkomulag um kaupin. Seljandi afhenti hjólhýsið á heimili álitsbeiðanda og skoðaði svo Palomino fellihýsið, sem reyndist vera 2007 árgerð en ekki 2008 árgerð eins og hafi komið fram í auglýsingu. Kveðst seljandi hafa verið nokkuð sátt við fellihýsið þrátt fyrir nokkra útlitsgalla, en borðplata undir vaski var bólgin eftir vatnsleka, gat hafði komið á ytra birgði eftir gjótkast og höggskemmdir væru í borði og hurðum. Seljandi bendir á að þetta hafi allt verið smálegt enda ekki um nýtt fellihýsi að ræða. Seljandi segir að þegar hún og eiginmaður álitsbeiðanda hafi gengið frá kaupunum hafi álitsbeiðandi ekki enn verið búin að skoða hjólhýsið sjálf.

Viku eftir að hjólhýsið hafði verið að fullu greitt hafði álitseiddandi svo samband við seljanda að hennar sögn og vildi rifta kaupunum vegna leka og ýmislegra smávægilegra atriða sem hefðu ekki sést í fljótu bragði. Þá hafi álitseiddandi sagt að hjólhýsið hefði lent í tjóni og taldi að seljandi hefði átt að veita upplýsingar fyrir kaupin um að hún hefði keypt hjólhýsið á uppboði. Seljandi kvaðst ekki tilbúin til að rifta kaupunum enda hefði lán sem hvíldi á hjólhýsinu verið greitt upp og riftun því erfiðleikum háð. Bauð seljandi 100.000 króna endurgreiðslu vegna lekans og samþykkti álitseiddandi það með orðunum „við ætlum að taka þínu boði hvað varðar greiðslu uppí og vonum að það dekki alla vega leka viðgerðina“. Þann 22. maí 2018 hafði álitseiddandi svo samband við seljanda til að reka á eftir eigendaskiptum en minntist ekki á annað á þeim tíma samkvæmt seljanda. Í byrjun september 2018, rúmlega einu ári eftir kaupin, hafði álitseiddandi samband við seljanda og sendi henni myndir af leka í hjólhýsinu. Sagði álitseiddandi að lekinn hafi verið til staðar frá upphafi og krafðist riftunar á kaupunum eða að seljandi myndi sjá um viðgerð á lekanum. Þá sagði álitseiddandi að ekki hafi fengist skoðun á hjólhýsið vegna bilunar í rafkerfi. Síðar í septembermánuði hafði álitseiddandi aftur samband og krafðist þess nú að kaupunum yrði rift.

Seljandi mótmælir riftunarkröfu álitseiddanda fyrir kæruneftdinni. Að mati seljanda vanrækti hún ekki upplýsingaskyldu sína og segir upplýsingar í auglýsingu ekki hafa verið rangar. Þar sagði að hjólhýsið væri „tilbúið í ferðalagið“ en seljandi segir að um almenna fullyrðingu sé að ræða en ekki sértæka yfirlýsingu sem réttaráhrif verði tengd við án þess að annað og meira komi til. Þá kom sérstaklega fram í auglýsingunni að leki hefði verið til staðar en búið væri að laga hann. Að sögn seljanda benti ekkert til annars en að viðgerðin hefði verið fullnægjandi en seljandi kveðst hafa notað hjólhýsið án þess að leka yrði vart og hún því í góðri trú um að vandamálið væri úr sögunni. Seljandi vísar einnig til þeirra skjala sem álitseiddandi hefur lagt fram í málinu, meðal annars ferilskrá ökutækisins. Þar segir að engin tjón séu skráð á hjólhýsið og hefði því verið ómögulegt fyrir seljanda að vita annað, þar komi hins vegar fram að óhöpp séu skráð á hýsið. Seljandi segir að hún hafi ekki fengið upplýsingar um að hjólhýsið hafi lent í veltu þegar hún festi kaup á því.

Telur seljandi að hún hafi veitt allar upplýsingar sem hún hafði og álitseiddandi mátti ætla að hún fengi við kaupin. Þá segir seljandi að ástand hjólhýsisins hafi ekki verið verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Kaupverð hafi verið frekar lágt, vísað hafi verið til lekans í auglýsingu og mynd af lekaummerkjum lätin fylgja með, auk þess sem seljandi segir að við skoðun hafi fyllilega mátt gera sér grein fyrir því að hjólhýsið væri ekki í fullkomnu standi. Álitseiddandi geti ekki borið það fyrir sig sem galla sem henni hefði mátt vera kunnugt um við skoðun.

Seljandi telur einnig að samkomulag aðila um greiðslu 100.000 króna leiði til þess að álitseiddandi geti ekki gert frekari kröfur á seljanda. Álitseiddandi hafi tekið við greiðslunni án fyrirvara um frekari greiðslur. Málinu hafi því verið lokið með þeirri greiðslu. Seljandi kveðst ekki hafa heyrt aftur í álitseiddanda fyrr en rúmu ári eftir greiðsluna vegna lekans.

V

Athugasemdir álitseiddanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda ítrekar álitseiddandi að seljandi hafi vanrækt að veita upplýsingar sem verulegu máli skiptu við sölu á hjólhýsinu. Seljandi keypti hjólhýsið á uppboðsvef P, í apríl 2016 og í auglýsingum P, segir að mikilvægt sé að kaupendur skoði ferilskrá ökutækis fyrir kaupin. Álitseiddandi segir einnig að seljandi hafi sýnt af sér grandleysi við kaup á uppboðinu þar sem sérstaklega þarf að samþykkja skilmála P, fyrir kaupin um mikilvægi þess að skoða uppboðsmuni vel og kynna sér feril uppboðsmuna. Álitseiddandi kveðst hafa fengið þær upplýsingar frá starfsmanni P, að ferilskrá ökutækis fylgi ávallt með í kaupum á uppboði. Þar kemur fram að óhapp sé skráð á þetta ökutæki og að nánari upplýsingar sé að finna í slysaskrá Samgöngustofu. Álitseiddandi

bendir á að við notkun á hugtakinu óhapp samkvæmt orðabók sé átt við eitthvað illt eða óþægilegt sem kemur fyrir, tjón, slys eða óheppni. Þá sé framkvæmdin sú að hjólhýsi, fellihýsi og aðrir dráttarvagnar séu ekki skráðir tjónaðir í skýrslum heldur séu skráð óhöpp á ökutækið. Tjón séu aðeins skráð þegar vélknúin ökutæki eigi í hlut.

Að sögn álitsbeiðanda verður að skoða yfirlýsingu seljanda, um að hjólhýsið sé nýskoðað og tilbúið í ferðalagið, í samhengi við þá staðhæfingu í auglýsingunni að buið sé að gera við leka á topplúgu. Það gefi kaupendum þá væntingu að eðlileg og viðeigandi viðgerð hafi fari fram á söluhlut. Við sölu á notuðum hlutum geta yfirlýsingar verið mjög almennar að sögn álitsbeiðanda, en þó megi leiða ákveðin viðmið af slíkum almennum lýsingum. Sé söluhlutur töluvert lakari en almenn lýsing gefi til kynna eru líkur á að hluturinn teljist gallaður. Telur álitsbeiðandi að upplýsingarnar hafi verið sérgreindar um að gert hafi verið við lekann á viðeigandi hátt og að þetta hafi verið eini lekinn í hjólhýsinu. Álitsbeiðandi segir rangt að kaupendum hafi verið gert kunnugt um önnur ummerki lekans en við topplúgu.

Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar sem verulega skiptu máli við kaupin, sbr. b-liður 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Sú vanræksla hafi haft afgerandi áhrif á kaupin enda hefði álitsbeiðandi aldrei hugsað sér að festa kaup á hjólhýsinu ef hún hefði vitað að hjólhýsið hefði lent í slíku umferðaróhappi.

Þá segir álitsbeiðandi að 100.000 króna greiðsla seljanda hafi ekki verið afsláttur af kaupverði, enda komi ekkert þess efnis fram í samskiptum aðila. Það er samkvæmt álitsbeiðanda ótvíræð meginregla að kaupandi hafi val um vanefndarúrræði og það sé því ekki seljanda að ákveða hvaða úrræða kaupandi grípur til vegna galla. Greiðslan hafi átt að vera vegna úrbóta á galla sem síðar hafi reynst mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Með greiðslunni hafi málinu því ekki verið lokið heldur hafi í henni falist viðurkenning seljanda á að galli hafi verið til staðar. Þessi fjárhæð geti hins vegar komið til frádráttar útgjöldum álitsbeiðanda vegna gallans. Álitsbeiðandi segir að samkvæmt ástandsskoðun Víkurverks hafi verið ómögulegt fyrir sig að átta sig á raunverulegu ástandi hjólhýsisins, bæði hvað varðar umfang gallans og þegar litið er til þess að skoðun sérfróðra aðila þarf til að meta ástand hjólhýsisins.

Álitsbeiðandi krefst þess aðallega að kaupunum verði rift, auk þess sem hún krefst greiðslu útlagðs kostnaðar. Telur álitsbeiðandi að jafna megi vanrækslu seljanda á upplýsingaskyldu við svik þar sem hún hafi gegn betri vitund leynt upplýsingum sem höfðu mikla þýðingu. Þá segir álitsbeiðandi að eiginmaður hennar hafi ekki vanrækt skoðunarskyldu sína enda eigi það ekki við ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert eða stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir að öðru leyti gegn heiðarleika og góðri trú. Telur álitsbeiðandi það eiga við um framferði seljanda enda liggi í augum uppi að seljandi hafi mátt vita af tjóni því sem ökutækið lenti í, en eiginmaður álitsbeiðanda hafi ekki haft þær upplýsingar þegar hann skoðaði hjólhýsið. Telur álitsbeiðandi að aðgæsluskylda kaupanda eigi ekki að koma í veg fyrir að hún geti borið fyrir sig þær skemmdir sem voru á hjólhýsinu, enda hafi kaupendur talið að hjólhýsið hafi aðeins verið notað eðlilega. Þau hafi ekki með nokkru móti getað gert sér grein fyrir umfangi gallans.

Álitsbeiðandi krefst þess til vara að seljanda verði gert að veita afslátt af kaupverðinu samkvæmt 38. gr. laga nr. 50/2000. Afslátturinn skuli ákvarðaður af kaupverði þannig að hlutfall milli lækkaðs verðs og samningsverðs svari til hlutfallsins milli verðgildis hlutarins í gölluðu og umsömdu ástandi á afhendingartíma.

VI

Frekari andsvör seljanda seljanda

Í frekari athugasemdum sínum bendir seljandi á að kröfugerð álitsbeiðanda hafi verið breytileg og því sé erfitt að verjast henni. Seljandi ítrekar að sér hafi ekki verið kunnugt um að hjólhýsið hafi lent í umferðaróhappi og hún hafi ekki vanrækt upplýsingaskyldu sína. Seljandi

segir rétt að kaupendur á uppboði hjá Þ, þurfi að samþykkja skilmála, sem séu staðlaðir og einhliða, til að fá aðgang að vefnum. Þar komi fram ábending til kaupenda að skoða muni og kynna sér ferilskrá ásamt fullt af öðrum upplýsingum. Segir seljandi skilmálana ekki mjög áberandi og líklegt að fæstir hafi lesið skilmálana í heild. Þar sem kaup seljanda voru neyendakaup segir hún að skilmálar seljenda við slíkar aðstæður séu til að benda neytendum á að viðhafa eðlilega aðgæslu en ekki leggja skyldur á neytendur umfram almennar reglur. Þá hafi hjólhýsið samkvæmt ferilskrá lent í óhappi en ekki tjóni og tjón feli í sér stórvægilegri atburð en óhapp. Seljanda hafi því verið rétt að álykta að hjólhýsið hafi ekki orðið fyrir umfangsmiklum skakkaföllum og hún geti ekki borið ábyrgð á villandi framsetningu ferilskrárinnar. Þá segir seljandi að hún hafi aldrei fengið ferilskrána í hendurnar þrátt fyrir reglur Þ, þess efnis.

Seljandi bendir á að eiginmaður álitsbeiðanda hafi frá upphafi verið upplýstur um það hvað fólst í viðgerð á leka í hjólhýsinu, þ.e. kítun meðfram topplúgu þar sem seljandi taldi lekann eiga uppruna sinn þar. Þá segi í skýrslu Ö, að ekki sé leki meðfram topplúgu og viðgerðin hafi því enn haldið við skoðun Ö. Í auglýsingu og við skoðun var eiginmanni álitsbeiðanda bent á rakaummerki vegna leka og gerð grein fyrir því að einungis hefði verið notast við utanaðkomandi rafmagn á tjaldstæðum og ekki væri vitað hvort miðstöð virkaði. Þá sé ýmislegt í skoðun Ö, þess eðlis að kaupanda hafi átt að vera þau atriði ljós við skoðun, t.a.m. battery tómt, plasthorn vanti hægra megin að aftan, stuðari brotinn að aftan, svört gler brotin á hliðunum, eldhúsgluggi sprunginn. Seljandi hafi aðeins notað utanaðkomandi rafmagn og vitað var að rafgeymir var ekki til staðar og því sé óskiljanlegt að kvartað sé yfir tómunum geymi. Seljandi vísar til þess að við lausafjárkaup sé almennt lögð sú skylda á kaupendur að skoða söluhlut eins ítarlega og góður og skynsamur maður myndi gera við sömu aðstæður. Það geri þær kröfur til kaupanda að veita ákveðna eftirtekt og álykta út frá einföldum staðreyndum og vísbendingum. Álitsbeiðandi hafi haft fulla ástæðu til að skoða hjólhýsið ítarlega og fá aðstoð sérfróðs aðila ef hún teldi þörf á því eða bera hallann af afleiðingum þess að láta það ógert.

Seljandi mótmælir því að með 100.000 krónu greiðslu til álitsbeiðanda hafi hún viðurkennt galla í hjólhýsinu. Seljandi segist hafa tekið það skýrlega fram við álitsbeiðanda að hún teldi sig ekki bera neina skyldu til að koma til móts við kröfu álitsbeiðanda. Seljandi ítrekar að álitsbeiðandi hafi ekki haft samband í næstum því ár eftir greiðsluna, sem seljandi segist hafa greitt til að sefa málið og ljúka því. Hafi álitsbeiðandi því sýnt af sér tómlæti og gefið seljanda réttmæta ástæðu til að ætla að ekki yrðu hafðar frekari kröfur gegn henni vegna viðskiptanna. Seljandi hafi gert kaupanda tilboð um málalok, kaupandi samþykkt tilboðið og samningur komist á milli aðila. Enginn fyrirvari hafi verið gerður um frekari greiðslur. Hafi kaupandi með skýru samþykki sínu við tilboði seljanda og í kjölfarið með tómlæti sínu veitt seljanda réttmæta ástæðu til að ætla að hún hygðist ekki hafa uppi aðrar kröfur vegna viðskiptanna.

VII

Enn frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum sínum ítrekar álitsbeiðandi grundvöll kröfu sinnar í málinu sem hún segir vera vegna villandi upplýsinga frá seljanda og vanækslu seljanda á að veita upplýsingar sem henni hefði átt að vera kunnugt um eftir að hafa átt hjólhýsið í meira en eitt ár. Þá bendir álitsbeiðandi á að eiginmaður hennar hafi eytt dágóðum tíma í að skoða hjólhýsið í samræmi við þær upplýsingar sem seljandi gaf. Hjólhýsið lítur vel út í fjarska að sögn álitsbeiðanda og hafði eiginmaður hennar því ekki ástæðu til að rengja seljanda. Skoðunin hafi þó ekki verið í samræmi við það að hjólhýsið hafi lent í umferðaróhappi og verið keypt á uppboði. Álitsbeiðandi segir upplýsingar þess efnis hafa verið nauðsynlegar svo unnt væri að skoða hjólhýsið í samræmi við það og jafnvel með hjálp fagaðila. Álitsbeiðandi bendir á að leki með gluggalúgu hafi enn verið til staðar nokkrum dögum eftir kaupin auk

annarra atriða líkt og mikil lekaummerki í kverkum efri skápa. Þá segist álitsbeiðandi ekki hafa sýnt af sér tómlæti þar sem hún hafi verið í stöðugu sambandi við seljanda og vildi rifta kaupunum þegar upp komst hversu slæmu ástandi hjólhýsið var í. Kveðst álitsbeiðandi hafa sýnt seljendum mikla þolinmæði þrátt fyrir að hjólhýsið leki enn og margt sé í ólagi líkt og losaraleg innrétting, frostsprunginn krani og sturta, svo og sprungur í toppi og útveggjum sem höfðu verið bættar með lími og kítu og svo sprautumálað yfir þannig ekki sást í þær.

VIII

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi hjólhýsi af gerðinni Hobby 560 þann 7. júlí 2017. Álitsbeiðandi greiddi fyrir hjólhýsið með fellihýsi af gerðinni Palomino Yerling AKV, árgerð 2007, auk 1.000.000 króna greiðslu í peningum. Álitsbeiðandi telur hjólhýsið hafa verið haldið galla við sölu vegna vanrækslu seljanda á upplýsingaskyldu sinni, rangra upplýsinga af hálfu seljanda og vegna ástands hjólhýsisins. Í kaupsamningi og afsali vegna sölu á hjólhýsinu, dags. 7. júlí 2017, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við“. Kæruneftndin álitur að um kaupin gildi 19.-20. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.), en þar segir m.a. eftirfarandi:

19. gr. Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa getur ekki fallist á það að hjólhýsið hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um það, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Í söluauglýsingu seljanda kom fram að hjólhýsið væri „nýskoðað og tilbúið í ferðalagið“. Um almenna yfirlýsingu er að ræða sem þó gefur til kynna með sérgreindum hætti að hægt verði að nota hjólhýsið strax eftir kaupin. Þrátt fyrir að yfirlýsingin feli í sér sérgreindar upplýsingar

um notkun hjólhýsisins er ekki unnt að fallast á að um ábyrgðaryfirlýsingu hafi verið að ræða. Þá er ekki unnt að slá því föstu að yfirlýsingin hafi verið röng í sjálfu sér þar sem hún getur verið túlkuð á mismunandi hátt af hverjum og einum. Hefur ekki komið fram að álitseiddanda hafi ekki verið unnt að fara með hjólhýsið í ferðalag eftir kaupin þrátt fyrir annmarka á rafmagnskerfi hjólhýsisins. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli.

Telur nefndin jafnframt erfitt að fullyrða að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um hjólhýsið og honum voru ljós, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. l.kpl. Í því sambandi ber að líta til þess að alls óvíst er að seljandi hafi haft vitneskju um umþrætt umferðaróhapp, þrátt fyrir að seljanda hafi líklega verið ljóst að hjólhýsið væri haldið ýmsum annmörkum. Yfirlýsing frá starfsmanni Þ, um að ferilskrá fylgi ávallt með kaupum á uppboði sýnir ekki fram á að seljanda hafi verið ljóst um umferðaróhappið. Þá verður að líta til þess að álitseiddandi hefði einnig getað fengið aðgang að ferilskrá hjólhýsisins fyrir kaupin ef hún hefði leitast eftir því. Af gögnum málsins má ráða að seljandi hafi veitt álitseiddanda upplýsingar um þá annmarka sem hann vissi af fyrir kaupin en ekki liggur fyrir að seljandi hafi haft vitneskju um aðra annmarka þegar kaupin fóru fram, sem ekki mátti sjá við skoðun. Seljandi upplýsti sérstaklega í söluauglýsingu að lekið hefði inn í hjólhýsið og var ekki haldið aftur af upplýsingum hvað það varðar. Verður því vart álitseidd sem svo að vanræksla hafi átt sér stað af hálfu seljanda í þessu tilliti og ekki um galla að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. l.kpl.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand hjólhýsisins hafi verið til muna verra en álitseiddandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. l.kpl. Álitseiddandi telur að hjólhýsið hafi verið haldið galla við sölu þar sem allan rafbúnað vantaði, leki var enn til staðar og ýmsar skemmdir eru á hjólhýsinu. Þá hafði hjólhýsið lent í nokkuð slæmu umferðaróhappi með þeim afleiðingum að það valt niður bratta brekku og skemmdist töluvert og brotnaði. Í kjölfarið greiddi Z, þáverandi eiganda fyrir hjólhýsið í stað þess að greiða viðgerðarkostnað.

Kærunefndin telur það liggja fyrir í málinu að hjólhýsið hafi verið haldið ýmsum annmörkum þegar álitseiddandi festi kaup á því. Er það staðfest með gögnum frá Ö, sem skoðaði hjólhýsið. Þeir annmarkar virðast þó flestir hafa verið sýnilegir við sjónræna skoðun. Til að mynda voru gluggar víða brotnir ásamt broti í plasti, gluggi var kíttaður fastur, merki voru um vatnsleka inn í hýsið og inn í skápa, plaststuðari var að hluta brotinn, gluggi brotinn að utan, svörtu glerin voru brotin á hliðunum, stöðuljós virkuðu ekki, hlíf yfir rafmagnsinntak var brotin, læsingu vantaði í pottaskúffu, sturtuhaus sprunginn, baðkrani lekur og það vantaði hjól til að halda rennihurð réttari. Þá kemur fram að skipta þurfi um „topp“ á hjólhýsinu. Litið er svo á að seljanda í lausafjárkaupum sé ekki skylt að upplýsa kaupanda um þau atriði sem kaupandi hefði átt að sjá við venjulega skoðun á söluhlut. Þrátt fyrir að álitseiddandi hafi ekki vitað að hjólhýsið hefði lent í umferðaróhappi þá voru afleiðingar óhappsins sýnilegar og við skoðun var að mestu unnt að sjá þá annmarka sem hjólhýsið var haldið. Það að seljandi hafi upplýst um að lekið hefði inn í hjólhýsið gaf álitseiddanda enn ríkari ástæðu til að skoða hjólhýsið vandlega fyrir kaupin og fá til þess aðstoð sérfróðs aðila ef þörf var á því.

Álitseiddandi byggir kröfur sínar einnig á því að rafkerfi hjólhýsisins hafi verið haldið galla. Eftir kaupin festi álitseiddandi kaup á nýjum rafgeymi sem hlóð ekki. Við nánari skoðun á rafmagnsverkstæði kom í ljós að rafbúnað vantaði í hjólhýsið og var hleðslubúnaður til að hlaða inn á rafgeymi því ekki til staðar. Seljandi hafði veitt álitseiddanda upplýsingar fyrir kaupin um að ekki væri vitað hvort miðstöð virkaði í hjólhýsinu þar sem aðeins hefði verið notast við rafmagn á tjaldstæðum. Seljandi hefur fullyrt að álitseiddandi hafi verið kunnugt um það fyrir kaupin að rafgeymir hafi ekki verið til staðar og getur nefndin fallist á að álitseiddandi hafi mátti vera það ljóst.

Kærufndin telur hins vegar að álitsbeiðandi hafi ekki getað gert sér grein fyrir því við venjulega skoðun að fullnægjandi rafkerfi hafi með öllu vantað í hjólhýsið. Breytir engu þar um að seljandi hafi upplýst að hún hafi ekki haft vitneskju um hvort miðstöð virkaði. Til þess að gera sér grein fyrir slíkum annmarka við skoðun getur sérfræðipækking í rafmagnsmálum verið nauðsynleg. Við kaup á hjólhýsi má kaupandi gera ráð fyrir því að einn helsti þáttur í notkun hjólhýsa, möguleg notkun rafmagnstækja í ferðalögum, sé til staðar. Kærufndin álítur í samræmi við framangreint að hjólhýsið hafi verið haldið galla vegna ófullnægjandi rafkerfis, sbr. c-liður 1. mgr. 19. gr. lkpl.

Samkvæmt 30. gr. lkpl. getur kaupandi vegna galla m.a. krafist úrbóta á söluhlut, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta, sbr. ákvæði 31. – 40. gr. laganna. Seljandi hefur þegar greitt álitsbeiðanda 100.000 krónur vegna annmarka á hjólhýsinu við sölu. Samskipti aðila bera greinilega með sér að greiðslan hafi verið vegna lekavandamála í hjólhýsinu og viðgerðarkostnaðar vegna hans, en ekki vegna rafmagnsviðgerða. Hefur sú greiðsla því ekki áhrif á ákvörðun vanefndarúrræða vegna galla á rafmagnskerfinu. Álitsbeiðandi upplýsti seljanda um galla í rafkerfinu í september árið 2018 en við skoðun vorið 2018 kom í ljós að rafkerfi var í ólagi. Það liðu því nokkrir mánuðir frá því að álitsbeiðandi var ljóst umfang gallans og þar til hún tilkynnti seljanda um hann. Í gögnum málsins er að finna reikning fyrir viðgerð á rafmagnskerfi hjólhýsisins hjá verkstæðinu Bílaraf ehf. frá 7. ágúst 2018, um mánuði áður en álitsbeiðandi tilkynnti seljanda um gallann. Þrátt fyrir þann tíma sem leið frá því að álitsbeiðandi varð vör við galla í rafkerfinu og þar til seljanda var tilkynnt um hann, getur nefndin ekki fallist á að álitsbeiðandi hafi sýnt af sér slíkt tómlæti að það leiði til þess að álitsbeiðandi missi rétt sinn til að grípa til vanefndarúrræða vegna gallans. Samkvæmt reikningi frá Bílaraf ehf. greiddi álitsbeiðandi 104.880 krónur vegna rafmagnsviðgerðarinnar.

Kærufndin álítur að seljanda beri að endurgreiða álitsbeiðanda 104.880 krónur í formi skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar álitsbeiðanda, sbr. 1. mgr. 40. gr. lkpl.

IX

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, skaðabætur að fjárhæð 104.880 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson